



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hagaborg

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	4
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	6
4	Innra mat Álfalands 2024-2025	7
5	Innra mat Krílalands 2024-2025	7
6	Innra mat Putalands 2024-2025	8
7	Innra mat Fiskalands 2024-2025	8
8	Innra mat Drekaland 2024-2025	8
9	Innra mat Fuglalands 2024-2025.....	9
10	Umbótaáætlun 2024-2025 (takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótaþátt)	9
11	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.	11
12	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.....	11
13	Foreldrasamvinna.....	12
14	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	14
15	Fylgiskjöl	15





1 Greinargerð leikskólastjóra

Starfsárinu sem er ljúka hefur verið enn líflegra en það sem var árið á undan. Sífelld bar meira á slæmum loftgæðum í húsinu og einkenndist veturinn af miklum veikindum, starfsmannaveltu og fáliðunarferli. Slíkt er afar slítandi og oft erfitt um vik að halda úti faglegu starfi við slíkar aðstæður. Mikið var um afleysingar á deildum sem olli því að faglega starfið hökti. Við gerðum samt ýmislegt og gættum þess að halda í fastar hefðir, þemavikur og fleira. Við fengum til okkar fyrirlesara varðandi Lubba námsefnið og er ætlunin að halda áfram að innleiða það. Einnig vorum við áfram að vinna með vináttuverkefni Barnaheilla, Blæ.

Húsnæði Hagaborgar lokaði þann 8. júlí 2025 að undanskildu Drekalandi sem er staðsett í aukahúsi á lóð Hagaborgar. Næsta haust verðum við því á þremur starfstöðvum að minnsta kosti fram að áramótum. Við munum hafa tvær yngri deildarnar á Barónsborg og eldri deild á Vörðuborg auk Drekalands. Hvað tekur við næsta vor er enn óljóst en líkur eru á Grandaborg verði opnuð aftur og munu þá börnin af Barónsborg, hluti barna af Drekalandi og Vörðuborg einnig. Við höfum verið svo heppin að hafa haft hjá okkur starfsfólk og börn frá Grandaborg á Drekalandi og munu þau fara til baka á Grandaborg þegar hún verður tilbúin. Eftir stendur að Hagaborg verður einungis í aukahúsinu á lóðinni. Munu elstu börnin sameinast þar og verða þar fram að skólabyrjun 2025. Ljóst er að fara þarf í töluverðar framkvæmdir á eldra húsi Hagaborgar og ekki er búið að gera áætlun hvað gert verður né hve langan tíma það tekur.

Námskrángerðin sem til stóð að framkvæma í vetur var söltuð enda allir sem vettlingi gátu valdið í afleysingum á deildum alla daga. Lítið var um undirbúning starfsfólks og sömuleiðis enginn tími til fundarhalda vegna námskrár. Við byrjuðum með lausnarteymishóp og voru reglulegir fundir vegna þess.

Töluverðar breytingar verða á starfsmannahóp Hagaborgar í kjölfar þessara breytinga. Því var ákveðið að bíða til haustins að gera áætlanir fyrir næsta vetur þar sem margt er óljóst varðandi veturinn. Við munum þó halda í okkar hefðir og halda áfram með Lubba og Blæ.

Erna Guðlaugsdóttir

leikskólastjóri Hagaborgar





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Eins og kom fram í greinagerð leikskólastjóra þá verður beðið með umbótaáætlun þar sem starfstöðvarnar verða þrjár í haust og starfmannahópurinn mikið breyttur. Því viljum við byrja haustið á að skipuleggja saman það sem stefnt skal að fram að áramótum en þá verða væntanlega aftur breytingar hjá okkur.

Ekki var gert eiginlegt innra mat í vetur og ytra mat gert ekki gert hjá okkur í vetur. Hins vegar ræddum við ýmsa þætti á stjórnendateymisfundum þegar mögulegt var að halda þá. Ræddum meðal annars innleiðingu Lubba og innleiðingu lausnar-teymis. Haldnir voru reglulegir lausnar-teymisfundir.

Gera þarf betur varðandi undirbúningstíma starfsfólk og skilgreina hvernig nýta má þá á sem bestan hátt.

Innra mat Hagaborgar

Hvað var metið? Kjarnastarfið okkar, gildin, vináttuverkefnið og innleiðing Lubba á allar deildir	
Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum og stjórnendateymisfundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn að mestu og raddir barna og foreldra.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Að þrátt fyrir mikil veikindi og manneklu tókst að halda í kjarnastarfið hjá okkur. Innleiðing Lubba hefði mátt ganga betur á sumum deildum. Tækifæri er til að útvíkka það í betra húsnæði og meiri mannafla.

Innra mat sérkennslu

Hvað var metið? - starfið í heild	
Hvernig fór matið fram?	Á fundum og með skráningum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Sérkennslustjóri, starfsmenn sérkennslu, aðstoðarleikskólastjóri
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Að halda áfram að leggja fyrir EFI-2, Hljóm-2 fyrir öll börn og TRAS og AEPS eftir þörfum. Það voru fjórir starfsmenn sem sinntu stuðningi síðasta vetur og auk þess var



	starfsmaður sem sá um málörvunarhópa fyrir börn með íslensku sem annað mál. Setja saman málörvunarhópa, leggja áherslu á sjónrænt skipulag á öllum deildum, að starfsfólk fái viðeigandi fræðslu sem hentar fyrir barnahópinn í leikskólanum, að starfsfólk sem sinnir
--	--

Ytra mat

Hvað var matið?	
Hvernig fór matið fram?	
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Eins og kom fram í greinagerð leikskólastjóra þá verður beðið með umbótaáætlun þar sem starfstöðvarnar verða þrjár í haust og starfsmannahópurinn mikið breyttur. Því viljum við byrja haustið á að skipuleggja saman það sem stefnt skal að fram að áramótum en þá verða væntanlega aftur breytingar hjá okkur.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Vegna húsnæðisvanda Hagaborgar þá munum við halda í fasta þætti eins og Vináttuverkefni Barnaheilla, Blæ og halda áfram að innleiða Lubba. Mikilvægt verður að hafa góða samvinnu á milli starfstöðva og bjóða upp á tækifæri til að hittast og gera sér glaðan dag.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Stefnt er að því að halda í leikskólabrag Hagaborgar og hafa gildi hennar í hávegum. Efla móttöku nýliða með nýlegum gátlista okkar. Að allir nýliðar taki nýliðanámskeið á Torginu og BOFS námskeiðið.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Þemavikur yfir veturinn, heimsóknir á milli starfsstöðva.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025- mars 2025 en þá verða breytingar á barnahóp og starfsmannahóp er Grandaborg opnar
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Símat á stjórnendateymisfundum og deildarfundum. Útbúa gátlista fyrir það.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að sami sveigjanleiki og jákvæðni endurspegli starfið okkar. Að þörfum ólíkra barna sé sinnt sem og snemmtækri íhlutun.





4 Innra mat Álfalands 2024-2025

Eins og kom fram í greinagerð leikskólastjóra þá gafst afar lítill tími til undirbúnings í vetur. Vonandi lítur betur út með haustið og munu þá deildastjórar gera innra matið og umbótaráætlun í kjölfarið.

Styrkleikar

Rýmið er opið og bjart. Hópurinn er samheldinn og á auðvelt með leik. Starfsfólk skoðaði hlutverk sitt í leik og jafnfram leik barnanna. Góð samvinna á milli starfsmanna. Hópastarf gekk einnig vel en þar var meðal annars farið í málrækt bæði með spilum og leikjum.

Tækifæri

Að endurskoða námsumhverfið betur með tilliti til nýrra húsakynna.

5 Innra mat Krílalands 2024-2025

Styrkleikar

Sköpun á deildinni gekk vel, miklu minni stýring en áður varðandi hvað börnin ættu að gera/ útfæra verkefnið sitt. Tækifæri gafst til að kynnst fjölbreyttari efnivið. Með vorinu urðu gönguferðir tíðar og tækifæri gafst til að skoða náttúruna að vakna til lífsins.

Tækifæri

Að endurskoða námsumhverfið betur með tilliti til nýrra húsakynna sem og nýtt umhverfi útivið.





6 Innra mat Putalands 2024-2025

Styrkleikar

Vettvangsferðum var fjölgað til muna í vetur. Vegna síversnandi innivistar og aukin tíðni veikinda þá varð ekki eins mikið um deildarfundi eins og áætlað hafði verið í umbótaráætlun síðasta árs.

Tækifæri

Að endurskoða námsumhverfið betur með tilliti til nýrra húsakynna sem og nýtt umhverfi útivið.

7 Innra mat Fiskalands 2024-2025

Styrkleikar

Deildastjóraskipti urðu með haustinu og tók tíma að finna rythma á deildinni. Síversnandi innivist olli því að mikið var um veikindi og að lokum fór deildarstjóri í langt veikindaleyfi vegna þess. Umbótaráætlun gerði ráð fyrir fjölbreyttari sköpun, tvískiptar samverustundir og útinám. Því miður tókst ekki að framfylgja þessari áætlun. Í haust flutti Fiskalandið svo í Vörðuborg.

Tækifæri

Að endurskoða námsumhverfið betur með tilliti til nýrra húsakynna sem og nýtt umhverfi útivið.

8 Innra mat Drekaland 2024-2025

Styrkleikar

Fjölbreytt og líflegt starf var á Drekalandi í vetur. Undirrituð hefur ekki umbótaáætlun Drekalands. Enn unnið var með Lubba, útinám og þróunarverkefnið „Leikur, nám og gleði“: Hagaborg tók yfir rekstur Drekalands í vetur og unnu starfsfólk Hagaborgar og Grandaborgar saman. Meiri samvinna varð við svo sem þrautarbrautadaga og fleira.





Tækifæri

Í vetur mun starfsfólk af elstu deild Hagaborgar, Fuglalandi starfa með starfsfólki Grandaborgar á Drekalandi. Nú er elsti hópurinn þar og mörg tækifæri til að læra af hvert öðru.

9 Innra mat Fuglalands 2024-2025

Styrkleikar

Umbótaráætlun gerði ráð fyrir að festa reglulegar gönguferðir í sessi og vinna með útinám. Það tókst afar vel og unnin voru fjölbreytt verkefni tengd þeim. Sjónrænt skipulag var sett upp og var útbúið „hálsmen“ með myndum fyrir stjórnandann. Fjölbreytt þemu voru í gangi yfir allan veturinn.

Tækifæri

Fuglaland verður ekki starfrækt næsta vetur en eitthvað af starfsfólkinu mun vinna á Drekalandi í samvinnu við starfsfólkið af Grandaborg sem er staðsett þar.

10 Umbótaáætlun 2024-2025 (takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótaþátt)

Eins og kom fram í greinagerð leikskólastjóra þá gafst afar lítill tími til undirbúnings í vetur. Vonandi lítur betur út með haustið og munu þá deildastjórar gera innra matið og umbótaráætlun í kjölfarið.

Barónsborg 1 ½ mán til 4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(s.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Nýtt hús – eftir að hafa kynnst húsnæðinu. Setja upp skipulagðar vinnustundir í Lubba og Blæ. Gefa sjálfsprottnum leik gott rými í skipulaginu. Skipuleggja nýtt námsumhverfi með tilliti til þess.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Námsumhverfið verði þannig að börnin geti verið í sjálfsprottnum leik.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Færa til húsmuni, versla inn leikefni sem hentar þessum hóp. Bæði aldurslega og áhugalega séð. Tengja við grunnþætti menntunar



Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 og þar til flutningar verða í Grandaborg. En þá mun leikskólastjórinn þar taka við þessum hóp.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ræða saman hvað það er sem börnin sækjast mest í og hvort okkur finnist eitthvað vanta. Skoða hvort við erum með nógu fjölbreyttan efnivið. Hafa breytilegan efnivið í boði. Leggja áherslu á sköpun og opinn efnivið.

Fiskaland á Vörðuborg 4-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Nýtt hús – eftir að hafa kynnst húsnæðinu. Setja upp skipulagðar vinnustundir í Lubba og Blæ. Gefa sjálfsprottum leik gott rými í skipulaginu. Skipuleggja nýtt námsumhverfi með tilliti til þess.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Námsumhverfið verði þannig að börnin geti verið í sjálfsprottum leik.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Færa til húsmuni, versla inn leikefni sem hentar þessum hóp. Bæði aldurslega og áhugalega séð. Tengja við grunnþætti menntunar
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 og þar til flutningar verða í Grandaborg. En þá mun leikskólastjórinn þar taka við hluta af þessum hóp.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ræða saman hvað það er sem börnin sækjast mest í og hvort okkur finnist eitthvað vanta. Skoða hvort við erum með nógu fjölbreyttan efnivið. Hafa breytilegan efnivið í boði.





Drekaland á lóð Hagaborgar 5-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Starfsfólk Drekalands er flest vant að vinna með yngri börnum og því breyting fyrir þau. Setja upp skipulagðar vinnustundir í Blæ. Gefa sjálfsprottum leik gott rými í skipulaginu. Skipuleggja námsumhverfi með tilliti til þess og öðruvísi aldurs í húsinu.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Námsumhverfið verði þannig að börnin geti verið í sjálfsprottum leik.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Færa til húsmuni, versla inn leikefni sem hentar þessum hóp. Bæði aldurslega og áhugalega séð. Tengja við grunnþætti menntunar
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 og þar til flutningar verða í Grandaborg. En þá mun leikskólastjórinn þar taka við hluta af þessum hóp.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ræða saman hvað það er sem börnin sækjast mest í og hvort okkur finnist eitthvað vanta. Skoða hvort við erum með nógu fjölbreyttan efnivið. Hafa breytilegan efnivið í boði. Leggja áherslu á sköpun og opinn efnivið.

11 Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

- Við munum halda áfram að nýta okkur fræðslu frá Miðju, máls og læsis. Þá er skyndihjálparnámskeið einnig á dagskrá. Einnig er ætlunin að nýta Torgið betur en verið hefur
- Fræðsla um sjálfsprottinn leik, námsumhverfi og hlutverk fullorðinna í leik

12 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Elstu börnunum er boðið í eina heimsókn í Melaskóla í maí. Í þessari heimsókn fólst að:

- Frístundaheimilið Selið var heimsótt





- Bókasafn Melaskóla var heimsótt

Þá bauð Melaskóli væntanlegum skólabörnum í Melaskóla í kennslustund í heimastofu 1. bekkjar í lok maí og foreldrar þeirra fóru með þeim. Reikna má með að svo verði einnig vorið 2026.

13 Foreldrasamvinna

Lykilinn að vellíðan barna í leikskólanum er gott samstarf milli starfsfólks og foreldra. Í leikskólanum er starfandi foreldrafélag og foreldraráð. Foreldrafélagið hefur staðið straum af kostnaði við ýmsar upptakur í starfinu. Í desember bauð foreldrafélagið okkur upp á jólasveina og ávaxtanammi á jólaballinu okkar. Þá fengum við Krakkahesta í vor á þeirra kostnað og einnig borgaði foreldrafélagið helming af útskriftarferð elstu barnanna. Þá var haldin sumarhátíð á vegum foreldrafélagsins en starfsmenn tóku einnig þátt í henni.

Foreldrakaffi var á haustönn þar sem foreldrum var boðið með inn í morgunmat. Þá var foreldrum einnig boðið upp á kaffi og kleinur eftir jólaballið. Útskriftarveisla var haldin fyrir elstu börn og foreldra þeirra.

Allt upplýsingaflæði til foreldra er mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Því leggjum við mikla áherslu að senda skemmtilega föstudagspósta en þá fá foreldrar tækifæri að skyggjast inn í daglegt líf í leikskólanum. Eins viljum við að þegar börnin eru mæta eða fara að sá tími sé nýttur vel til að upplýsa foreldra frá skemmtilegum atvikum eða almennt um hvernig dagurinn gekk fyrir sig. Leikskólinn er með Instagram síðu þar sem við birtum myndir frá leikskólastarfinu.

Foreldrafélag

- Foreldrafélag samanstendur af foreldrum af öllum deildum. Á foreldrakynningum á haustin. hvetjum við alla foreldra til að taka þátt

Foreldraráðið hefur séð um yfirlstur á helstu skjöl er varðar skólastarfið í Hagaborg, s.s. starfsáætlun, leikskóladagatal og starfsdaga skólaársins.

- Tveir foreldrar eru í foreldraráði og kosið er í haust um nýja fulltrúa í ráðinu.



Foreldraviðtöl

- Þau fara fram tvisvar á skólaárinu. Á haustönn fara þau fram um mánaðarmótin október/nóvember. Á vorönn fara þau fram í apríl/maí

Foreldrafundir

- Á haustönn eru foreldrakynningar og er foreldrum hvernar deildar boðið að koma kl. 8:30 og sitja kynningu frá leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra.





14 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Hagaborg

AUGUST		SEPTEMBER		OCTOBER		NOVEMBER		DECEMBER		JANUARY		FEBRUARY		MARCH		APRIL		MAY		JUNE		JULY	
1 F	1 M			1 M		1 L		1 M	Friðisdagurinn	1 F	Þvínisdagur	1 S		1 S		1 M	Sunnudagur	1 F	Þvínisdagurinn	1 M		1 M	
2 L	2 Þ			2 F	Starfsdagur*	2 S		2 Þ		2 F	Starfsdagur	2 M		2 M		2 F	Starfsdagur	2 L		2 Þ		2 F	
3 S	3 M			3 F		3 M		3 M		3 L		3 Þ		3 Þ		3 F	Friðisdagurinn (hvarf)	3 S		3 M		3 F	
4 Miðdagur veisluanna	4 F			4 L		4 F		4 F		4 S		4 M		4 M		4 L	Starfsdagur	4 F		4 F		4 L	
5 Þ	5 F			5 S		5 M		5 F		5 M		5 F		5 F		5 S	Starfsdagur	5 Þ		5 F		5 S	
6 M	6 L			6 Miðnátta um gæði		6 F		6 L		6 Þvínisdagurinn	6 F	Starfsdagur* Dagurinn	6 F	6 M		6 Munnur / Þvínisdagurinn	6 M		6 L		6 M		
7 F	7 S			7 Þ		7 F		7 S		7 M		7 L Dagur Kristjánisdagur	7 L	7 Þ		7 F			7 S	Þvínisdagurinn	7 Þ		
8 F	8 M	Dagurinn	8 M	8 M	Starfsdagur gegn L. evni	8 L		8 M		8 F		8 S		8 S		8 M		8 F		8 M		8 M	Dagurinn
9 L	9 Þ			9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 M		9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F	
10 S	10 M			10 F		10 M		10 M		10 L		10 F		10 Þ		10 F		10 S		10 M	Starfsdagurinn	10 F	
11 M	11 F			11 L		11 Þ		11 F		11 S		Dagur stundala Mikulásdagens		11 M		11 L		11 M		11 F		11 L	
12 Þ	12 F			12 S		12 M		12 F		12 M		12 F		12 F		12 S		12 Þ		12 F		12 S	
13 M	13 L			13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F		13 F	Starfsdagurinn	13 M		13 M		13 L		13 M	
14 F	14 S			14 Þ		14 F		14 S		14 M		14 L		14 L Dagur stundala Mikulásdagens	14 Þ	14 F	Þvínisdagurinn	14 S		14 S		14 Þ	
15 F	15 M			15 M		15 L		15 M		15 F		15 S		15 S		15 M		15 F		15 M		15 M	
16 L	16 Þ	Dagur stundala Mikulásdagens	16 F	16 S	Dagur stundala Mikulásdagens	16 Þ		16 Þ		16 F		16 Miðnátta		16 M		16 F		16 L		16 Þ		16 F	
17 S	17 M			17 F	Starfsdagur	17 M		17 M		17 L		17 F	Starfsdagur	17 Þ		17 F		17 S		17 M	Starfsdagurinn	17 F	
18 M	18 F			18 Þ		18 F		18 F		18 S		18 Miðnátta		18 M		18 L		18 L		18 M		18 F	
19 Þ	19 F			19 S		19 M		19 F		19 M		19 F	Starfsdagur	19 F		19 Þ		19 S		19 F		19 S	
20 M	20 L			20 M		20 F	Dagur stundala Mikulásdagens	20 L		20 Þ		20 F	Starfsdagur	20 F		20 M		20 L		20 M		20 M	
21 F	21 S			21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 L		21 L		21 Þ		21 S		21 F		21 Þ	
22 F	22 M			22 M		22 L		22 M		22 F		22 S		22 S		22 M		22 F		22 M		22 M	
23 L	23 Þ			23 F		23 S		23 Þvínisdagurinn		23 M		23 F	Starfsdagurinn	23 F		23 M		23 F		23 Þ		23 F	
24 S	24 M			24 F	Starfsdagur	24 M		24 M	Starfsdagurinn	24 L		24 Þ		24 Þ		24 M		24 S	Þvínisdagurinn	24 M		24 F	
25 M	25 F			25 L	Friðisdagurinn	25 Þ		25 F		25 M		25 M		25 M		25 F		25 M	Munnur / Þvínisdagurinn	25 F		25 L	
26 Þ	26 F	Starfsdagurinn	26 S	26 M		26 F		26 F		26 M		26 F		26 F		26 Þ		26 Þ		26 F		26 S	
27 M	27 L			27 Miðnátta		27 F		27 L		27 Þ		27 F		27 F		27 M		27 M		27 L		27 M	
28 F	28 S			28 Þvínisdagur		28 F		28 S		28 M		28 L		28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ	
29 F	29 M			29 M		29 M		29 M	Starfsdagur	29 F		29 S	Þvínisdagurinn	29 M		29 F		29 F		29 M		29 M	
30 L	30 Þ			30 F		30 S		30 Þvínisdagurinn		30 F		30 M	Starfsdagur	30 F		30 L		30 L		30 Þ		30 F	
31 S	31 M			31 F		31 M	Starfsdagur	31 L		31 L		31 Þ	Starfsdagur	31 Þ		31 S		31 S		31 M		31 F	

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þvír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinn þriðji hálfr dagur eða heilir. Leikskólagjöld leiðka ekki vegna þessa. Skráningardagur í leikskólum eru tíu og gjöld leiðkuð vegna þessa. Foreldrar sem þurfa vísun þessa daga skýja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lagmarki tuttugu virka daga í sumarið. Leikskólasjón ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldrað viðkomandi leikskóla hvort leikskólin verði opin all samleið eða loki samleið í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leisti skólasjómændur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Í reglum um leikskólagjónustu segir:



15 Fylgiskjöl

F. h. leikskólans Hagaborgar



Erna Guðlaugsdóttir

1. október 2025

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2025 – 2026 Hagaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Sigyn Jónsdóttir





Umsögn foreldraráðs vegna starfsáætlunar Hagaborgar 2025–2026

Foreldraráð Hagaborgar vill þakka stjórnendum og starfsfólki fyrir mikla fagmennsku og úthald á afar krefjandi tímum. Ljóst er að starfsárið 2024–2025 einkenndist af miklu álagi, veikindum, starfsmannaveltu og erfiðum aðstæðum vegna slæmra loftgæða. Við viljum leggja áherslu á að slíkar aðstæður eru ekki ásættanlegar til lengri tíma og krefjast tafarlausra úrbóta af hálfu Reykjavíkurborgar.

Við fögnum því að unnið sé áfram með verkefnin Lubba og Blæ, sem styrkja leik, málþroska og vináttu barna. Það er jákvætt að þrátt fyrir aðstæður hafi tekist að halda í kjarnastarf og hefðir leikskólans. Við teljum mikilvægt að Hagaborg fái svigrúm og stuðning til að byggja upp starfið á ný þegar framkvæmdir ljúka og starfsemin sameinast á nýjum stað.

Óvissan framundan, með starfsemi á þremur starfsstöðvum og óljósum áætlunum um enduropnun Grandaborgar, veldur bæði starfsfólki og fjölskyldum mikilli óvissu. Við hvetjum Reykjavíkurborg eindregið til að tryggja að framkvæmdum ljúki sem fyrst, að upplýsingaflæði til foreldra verði reglulegt og að starfsfólki verði sýndur sá sveigjanleiki og stuðningur sem nauðsynlegur er til að viðhalda gæðum starfsins.

Við leggjum einnig áherslu á að fylgjast verði með líðan starfsfólks og barna í gegnum veturinn. Álagið hefur verið mikið og mikilvægt að forgangsraða vellíðan og jafnvægi frekar en nýjum verkefnum eða breytingum á þessu tímabili.

Að lokum fögnum við þeirri áherslu í starfsáætluninni að efla samvinnu milli starfsstöðva, stuðla að jákvæðum leikskólabrag og tryggja samfellu í starfi þrátt fyrir tímabundna skiptingu. Við treystum því að Hagaborg haldi áfram að vera hlýlegt og faglegt samfélag barna og starfsmanna, þar sem leikur, vinátta og vellíðan eru í fyrirrúmi.

Fyrir hönd foreldraráðs Hagaborgar,

Sigyn Jónsdóttir.





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



